

SAMÞYKKT

um hunda- og kattahald í Grýtubakkahreppi.

1. gr.

Hunda- og kattahald í Grýtubakkahreppi er óheimilt nema með leyfi sveitarstjórnar, sjá þó 2. gr.

2. gr.

Ekki þarf að sækja um leyfi til hunda- og kattahalds á lögbýlum, en skylt er að skrá alla hunda og ketti á lögbýlum á skrifstofu Grýtubakkahrepps.

3. gr

Sveitarstjórn er heimilt að veita lögráða einstaklingum sem búsettir eru á Grenivík leyfi til hunda- og kattahalds. Leyfið er einungis bundið við þann hund/kött sem sótt er um heimild fyrir hverju sinni. Sótt skal um leyfi á skrifstofu Grýtubakkahrepps.

Leyfi, samkvæmt 1. mgr., má veita með eftirfarandi skilyrðum:

- a. Ef sótt er um leyfi til að halda hund/kött í fjölbýlishúsi skal fylgja umsókn skriflegt samþykki íbúa aðliggjandi íbúða.
- b. Óheimilt er að láta hund/kött dvelja lengur en einn mánuð á heimili án þess að sótt sé um leyfi fyrir honum. Ekki er leyfilegt að hafa fleiri en tvo hunda/ketti eldri en þriggja mánaða á sama heimili.
- c. Leyfisgjald fyrir hunda/ketti sem sótt er um leyfi fyrir skal greiða árlega til sveitarsjóðs eftir gjaldskrá sem sveitarstjórn setur samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar. Gjöld mega aldrei vera hærri en nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu eða samkvæmt eftirliti með einstökum þáttum. Gjaldið skal greiða í júnímánuði ár hvert. Hafi gjaldið ekki verið greitt innan tveggja mánaða frá gjalddaga fellur leyfið sjálfkrafa úr gildi.
- d. Árlega ber leyfishafa að framvísa vottorði dýralæknis um að hundurinn hafi verið ormahreinsaður og kötturinn hafi verið hreinsaður af spóluormum. Einnig ber að framvísa heilbrigðisskilríkjum sem máli skipta. Hunda- og kattaeigendum ber að fara eftir fyrir-mælum sem Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra setur. Leyfishafa ber að sjá svo um að hundur/köttur hans valdi ekki hættu, óþægindum eða óþrifnaði né raski ró manna. Leyfishafa er skylt að fjarlægja saur eftir hundinn/köttinn á tryggilegan hátt.
- e. Leyfishafi er ábyrgur fyrir tjóni sem hundur/köttur hans sannarlega veldur og skal leyfishafi hafa hund/kött sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu vátryggingafélagi. Vátrygging skal ná til alls þess tjóns sem dýr hans kann að valda á mönnum og munum. Vátryggingarfjárhæð verður samkvæmt almennum skilmálum tryggingafélaga.
- f. Ekki má hleypa hundum og köttum inn í fyrirtæki og stofnanir í samræmi við ákvæði reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2002 og sem talin eru upp í fylgiskjali 3 með þeirri reglugerð.
- g. Hundar skulu aldrei ganga lausir á almannafæri.
- h. Hundar og kettir skulu ávallt bera merki sem veitir upplýsingar um hver er leyfishafi. Með tilvísan til reglugerðar um aðbúnað og umhirðu gæludýra og dýrahald í atvinnuskyni nr. 1077/2004 skulu hundar og kettir í þéttbýli auðkenndir varanlega með örmerki eða húðflúri.

- i. Leyfishafa ber að sjá til þess að högnar séu geltir og læður gerðar ófrjóar með lyfjum eða uppskurði, nema dýrin séu höfð til undaneldis, en taka þarf það þá sérstaklega fram í umsókn. Hæfilegt er að framkvæma ófrjósemisaðgerð á dýrunum 6-8 mánaða gömlum.
- j. Eigendum og forráðamönnum katta ber að taka tillit til fuglavarps á varptíma, t.d. með því að hengja bjöllu á ketti og eftir atvikum að takmarka útiveru katta.

4. gr.

Umsókn um leyfi til hunda- og kattahalds skal skila inn á skrifstofu Grýtubakkahrepps á þar til gerðum eyðublöðum. Með undirritun umsóknar skuldbindur umsækjandi sig til að hlíta í einu og öllu fyrir mælum samþykktar um hunda- og kattahald. Sveitarstjóri synjar eða gefur út umbeðið leyfi. Verði leyfis ekki vitjað mánuði eftir að það er veitt fellur það sjálfkrafa úr gildi.

5. gr.

Sveitarstjóri skal sjá um að upplýsingar um leyfð dýr séu skráðar í þar til gerða bók. Þar skal einnig skráð nafn og heimilisfang leyfishafa. Árlega skal senda heilbrigðiseftirliti skrá yfir leyfða hunda.

6. gr.

Við brot á skilyrðum fyrir undanþágu til hunda- og kattahalds skal fjarlægja viðkomandi hund/kött og færa í dýrageymslu. Skal eigandi þá leysa dýrið út gegn greiðslu alls kostnaðar vegna brotsins. Ef um alvarlegt brot eða ítekað brot er að ræða, afturkallast leyfi til hunda-/kattahalds. Leyfishafa ber ætíð að greiða kostnað sem leiðir af broti á samþykkt þessari.

7. gr.

Sveitarstjórn getur afturkallað leyfi til hunda- og kattahalds telji hún þess brýna þörf.

8. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að láta aflífa ómerkta flækingsketti/-hunda, enda hafi framkvæmdin verið auglýst með áberandi hætti með a.m.k. sjö sólarhringa fyrirvara.

9. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal fara samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum.

10. gr.

Samþykkt þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Grýtubakkahrepps. Hún staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og öðlast gildi við birtingu.

Umhverfisstjórnuneytinu, 3. janúar 2007.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.